

Aganefnd LH

Mál nr. 1/2012

Aganefnd LH barst þann 5. júní 2012 kæra Trausta Þórs Guðmundssonar og Helga Eggertssonar (hér eftir sameiginlega nefndir kærandi) ásamt fylgigönum vegna ógildingar dómara á sýningu hans á Tinna frá Kjarri í gæðingakeppni og sameiginlegu úrtökumóti fyrir landsmót hjá hestamannafélögnum Sleipni, Ljúf og Háfeta sem haldið var laugardaginn 2. júní 2012. Kærðan kom fram samdægurs og eru formskilyrði kæru og kærufrestir uppfylltir.

I. Málsmeðferð:

Aganefnd fór yfir mál þetta og ákvað í kjölfarið að kalla málsaðila og eiganda hestsins á sinn fund, ásamt yfirdómara mótsins Sigurbirni Bárðarsyni. Fundurinn var haldinn þann 13. júní 2012. Af gefnu tilefni og til frekari upplýsingar átti nefndin símafund með Lárusi Á. Hannessyni formanni Gæðingadómarafélags LH (hér eftir G.D.L.H) föstudaginn 15. júní 2012. Aganefnd hélt alls 3 fundi þar sem fjallað var um mál þetta.

II. Málsatvik og sjónarmið kæranda.

Á fundi með Aganefnd fór kærandi yfir sýninguna umræddan dag, en þegar höfðu verið lögð fram gögn er sýndu hvernig sýning Trausta var útfærð í umrætt sinn. Í málínu lágu enn fremur fyrir eftirlatin gögn: Mótaskýrsla hestamannafélagsins Sleipnis dags. 3. júní 2012, kæra dags. 2. júní 2012 og útskýringar yfirdómnefndar vegna fram kominnar kæru dags. 2. júní 2012.

Kærandi byggir kæru sína á því að sú ákvörðun dómara að gefa honum ekki einkunn fyrir sýningu sína styðjist ekki við lög eða reglur LH sem dómurum ber að dæma eftir. Ekki komi skýrt fram í tilvitnuðum reglum LH, að þegar keppandi noti „beinu brautina“ með þeim hatti sem hann gerði, þurfi hann fyrst að hafa riðið inn á skammhlið vallarins til þess, að þegar að skeiðspretti loknum teljist hann hafa lokið fullum þremur hringjum. Kærandi vísar enn fremur til tilgreindra sýninga þar sem samskonar sýningar hafi ekki verið dæmdar ógildar. Því gæti ósamræmis í dónum hvað þetta atriði varðar. Kemur fram hjá kæranda að hann sjái ekki samræmi í því sem yfirdómnefnd skrifar að séu rök fyrir ógildingu sýningarinnar og því sem standi í lögum og reglum LH sem vitnað hafi verið til í málínu. Kærandi vísar til þess að ekki sé hægt að skilja grein 7.4.3. eins og dómarar geri, því að ef hún væri túlkuð bókstaflega þá væru flestar sýningar, m.a. á landsmótum ógildar. Kærandi telur að dómarar hafi sjálfir sett sér einskonar vinnureglur sem þeir fari eftir, sem ekki fái staðist lög og reglur LH um gæðingakeppni. Telur kærandi að þann vafa sem sé uppi um túlkun þeirra greina sem yfirdómnefnd vitni í beri skv. siðareglum að skýra keppanda í hag sem leiði til þess að sýning hans skuli vera dæmd gild.

Í skýrslu yfirdómnefndar dags. 3. júlí 2012 kemur fram að allir dómarar hafi verið sammála um að ógilda sýningu kæranda og hafi dómarar allir sem einn gefið núll fyrir

*ANNA
BFR*

sýninguna. Fram kemur enn fremur að í fyrri umferð mótsins hafi samskonar sýning verið dæmd ógild. Í rökstuðningi fyrir ákvörðun dómarar sem dagsettur er 2. júní 2012 kemur fram að knapa og hesti beri að ljúka sýningu inn á skammhlið áður en farið er inn á skeiðbraut, það sé einungis heimilt að nota beinu brautina einu sinni í sýningu hverri, nema um ferjuleið sé að ræða. Í sýningu kæranda hafi hann riðið fetsýningu sína í lokin inn á hringvellinum (beina brautin er hluti af hringvellinum á umræddum keppnisvelli, innsk Aganefndar) og síðan farið beint áfram og út á skeiðbraut. Hefði kæranda hins vegar borið að að ríða inn á skammhliðina áður en hann fór á skeiðbrautina. Þar með hafi hann gert ógilda sýningu samkvæmt reglum um gæðingakeppni um notkun beinu brautarinnar.

Fyrir Aganefnd kom yfirdómari mótsins. Í máli hans kom fram að hann telur að þær reglur sem dómarar vinna eftir, um að ríða þurfi inn á skammhlið vallarins áður en skeiðsprettur sé riðinn, sé alþekkt regla og ætti að vera öllum kunn. Reglan styðjist við hefð og reglur LH um gæðingakeppni. Fram kemur í máli yfirdómara að við lestur reglna LH um gæðingakeppni hafi honum orðið ljóst að þónokkrar reglur um gæðingakeppni séu óljósar og mættu vera betur orðaðar, en þessi regla sé nokkuð skýr. Kemur og fram að yfirdómarinn telur alveg ljóst að þessi regla 7.4.3. sé m.a. sett til að ljóst sé hvenær keppandi sé á ferjuleið og hvenær ekki. Þegar reglan sé lesin komi fram að ríða eigi fulla þrjá hringi. Aðspurður sagði yfirdómari að dómarar hefðu ekki haft samráð áður en keppni kæranda var dæmd ógild.

Að gefnu tilefni hélt Aganefnd símafund með formanni G.D.L.H. Kom fram í máli hans að gæðingadómarar hafi margir hverjir ekki tilvitnun til ákveðinna númera á reglum tiltæka, en á námskeiðum sé farið yfir reglurnar og þær séu dómurum kunnar þó þeir geti e.t.v. ekki vísað til númera eða slíks í því sambandi. Kemur fram í máli hans að regla 7.4.3. hafi með tilkomu sinni leyst þann vanda sem skapaðist áður þegar keppendur gerðu mjög mikið ógilt og hafi hún skýrt keppnisreglurnar til muna. Aðspurður kvaðst formaður halda að langflestir dómarar túlkuðu greinina á sama hátt. Þó kom fram að honum væri kunnugt um að nýlegar sýningar samkonar þeirri sem dæmd var ógild hefðu á stóru móti ekki verið dæmdar ógildar.

III. Niðurstaða málsins.

3.1. Almennt

Eftir að kæra í máli þessu hafði komið fram og málið því komið til Aganefndar LH, sendi stjórn G.D.L.H frá sér almenna tilkynningu þann 6. júní 2012, þar sem félagið lýsti því yfir að það væri álit stjórnar G.D.L.H að dómarar hafi gert rétt með því að gefa ekki einkunn á sýningu Tinna frá Kjarri og Trausta Þórs Guðmundssonar. Að mati Aganefndar L.H. var þessi tilkynning G.D.L.H afar óheppileg undir rekstri málsins. Ljóst er að stjórn félagsins sem slíks tók afstöðu í umræddu máli þrátt fyrir að ljóst væri að það ætti eftir að úrskurða í málinu á vegum Aganefndar L.H. Mun heppilegra hefði verið að stjórn G.D.L.H hefði beðið með allar yfirlýsingar þar til úrskurður Aganefndar lá fyrir. Einnig er eðlilegt að Aganefnd geti undir rekstri mála leitað sér að „málefnalegri og hlutlausri umsögn“ sér til upplýsingar og málinu til skýringar. Með tilkynningunni lokaði stjórn G.D.L.H hins vegar fyrir slíkt. Þó leitaði Aganefnd við vinnslu málsins til formanns félagsins til að heyra frá honum almennt um starfshætti gæðingadómara. Einnig er Aganefnd ekki ljós tilgangur þess að

MAFO
B-S
JAF.

stjórnin sendi frá sér umrædda yfirlýsing, en í besta falli virðist Aganefnd að hér hafi verið um einhvern misgáning að ræða.

Við meðferð málss þessa hjá Aganefnd hefur komið í ljós að tölvert má bæta skýrleika margra þeirra ákvæða sem keppt er eftir og lúta að formi sýninga og því hvernig lögleg sýning skuli riðin. Að mati Aganefndar vantar þar frekari útfærslu á ferjuleiðum, snúningum í braut og hvernig beina brautin fellur inn í hringinn. Ljóst er og nýleg og eldri dæmi sýna að dómarar hafa túlkað sumar þessara reglna á mismunandi hátt. Sumir dómarar hafa leyft ákveðnar útfærslur sem aðrir hafa bannað. Ljóst er að framkvæmdin er sú að túlkun keppnisreglnanna er kennd á vegum G.D.L.H og þar lagt út af reglunum. Þegar keppnisreglur eru ekki það skýrar að eftir lestar þeirra er alveg ljóst hvað má og hvað ekki og hvernig vissir hlutir eru skilgreindir, er það til þess fallið að keppendur geta fallið úr leik og átt ógildar sýningar, sökum þess að sumpart „óljósúm formreglum“ var ekki fylgt. Bæta verður úr þessu sem fyrst að mati Aganefndar.

3.2. Forsendur Aganefndar

Í grein 7.4.3. í reglugerð L.H. um gæðingakeppni segir:

.....“ Keppnin hefst á miðri skammhlið og skal keppandi ríða stystu leið, er hann kemur inn á völlinn, að byrjunarskammhlið sinni. Hann gefur síðan til kynna með greinilegri höfuðhneigingu að hann hafi hafið keppni. Honum er einnig frjálst í hvaða röð hann sýnir þau atriði sem dæma skal. Sýnandi ræður á hvora höndina hann hefur keppni og má snúa við einu sinni inn á hringnum. Keppandi hefur þrjá hringi til umráða. Notis sýnandi beinu brautina áður en hann hefur lokið þremur hringjum, ber honum að ljúka sýningu á skammhlið,,.

Í grein 7.5.2.1. í reglugerð L.H. um gæðingakeppni segir enn fremur:

„Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, tölt, brokk, stökk og skeið. Heimilt er að sýna skeið einu sinni á 175 m langri braut sbr. ákvæði 7.4.3“.

Aganefnd er í úrskurði sýnum bundin af lögum og reglum LH. Við úrlausn málss þessa hefur eftirfarandi ákvæði úr grein 7.4.3. í reglugerð um gæðingakeppni úrslitabýðingu við mat á því hvort rétt hafi verið að dæma sýningu kæranda ógilda, „*Noti sýnandi beinu brautina áður en hann hefur lokið þremur hringjum, ber honum að ljúka sýningu á skammhlið.*“ Við túlkun á ofangreindu ákvæði er enn fremur notast til fyllingar við ákvæði greinar 7.5.2.1. um að riðnir skulu þrír (3) hringir, sem að mati Aganefndar sýnir að klára þurfi fulla þrjá hringi. Ljóst er að samkvæmt 2. mgr. Reglu 7.4.3. skal ávallt hefja sýning á miðri skammhlið. Því er skýrt að til að klára fulla þrjá hringi ber að ljúka sýningu á skammhlið. Sýningu, þegar beina brautin er notuð getur m.ö.o ekki lokið, svo gilt sé með öðrum hætti en á skammhlið. Að mati Aganefndar er það ákvæði greinar 7.4.3., sem vitnað var til hér að ofan, og sem varð til þess að sýning kæranda var dæmd ógild skýrt. Dæmi hafa þó verið staðfest fyrir Aganefnd þar sem reglunni var ekki beitt með þessum hætti. Aganefnd getur þó ekki byggt á slíkum undantekningartilvikum og er ekki bundin af því þó að dæmi finnist um „ranga“ framkvæmd á tilvitnaðri reglu LH. Að mati Aganefndar er slíkur vafí ekki uppi um efni þeirrar reglu, að ljúka beri sýningu á skammhlið ef keppandi notar beinu brautina áður en hann líkur fullum þremur hringjum. Ennfremur má fallast á að ef umrædd

AAJ
B3 B.F.

regla gilti ekki og henni þá ekki beitt, gæti leikið vafi á um það hvenær verið sé að nota ferjuleið sem ferjuleið og hvenær sýningu teldist að fullu lokið og hvenær ekki. Með vísan til framangreinds er ákvörðun dómara á gæðingamóti Sleipnis, Ljúfs og Háfeta frá 2. júní 2012 um að ógilda sýningu Trausta Þórs Guðmundssonar og Tinna frá Kjarri staðfest.



Úrskurði Aganefndar LH má áfrýja til dómstóls ÍSÍ.

ÚRSKURÐARORD

Ógilding sýningar Trausta Þórs Guðmundssonar og Tinna frá Kjarri á gæðingamóti Sleipnis, Ljúfs og Háfeta sem tekin var að lokinni sýningu Trausta Þórs er staðfest.

Reykjavík, 19. júní 2012.

Aganefnd L.H.


Þorvaldur Sigurðsson, formaður

Atli Már Ingólfsson hdl.

Sæþór Fannberg